

Með þéttbýli er átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 m.

4. gr.

Leyfisskylda.

Leyfi byggingarfulltrúa þarf fyrir uppsetningu skilta sem eru stærri en 1.0 m². Þó þarf og að sækja um leyfi fyrir smærri skiltum ef þau eru mjög áberandi eða um er að ræða ljósa- eða flettiskilti. Byggingarfulltrúi leitar álits Skipulagsstofnunar og Náttúruverndar ríkisins sé um að ræða skilti utan þéttbýlis, sbr. 3. gr.

5. gr.

Umsóknir um leyfi.

Umsóknir um leyfi fyrir uppsetningu skilta skulu vera skriflegar og berast byggingarfulltrúa ásamt nauðsynlegum gögnum, þ.m.t. afstöðu- og útlitsmyndir og greinargerð um frágang og festingar. Byggingarfulltrúi veitir leiðbeiningar um það hvaða gögn teljast nauðsynleg hverju sinni.

Fjarlægja skal skilti sem sett hefur verið upp án leyfis eða í bága við skilmála leyfis.

6. gr.

Gildistaka.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hornafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 1. júlí 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Djúpavogshreppur tekur að sér rekstur sorphreinsunar og sorpförgunar í sveitarfélaginu og ræður til þess verktaka. Sveitarfélagið annast útgáfu leiðbeiningarita um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun.

2. gr.

Eigendur alls húsnæðis, þar með talið atvinnuhúsnæði, sumarhús, stofnanir, mötuneyti, hótél, veitingastaðir o.þ.h., þar sem úrgangur fellur til, eru skyldugir til að fylgja ákvæðum samþykktar þessarar. Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarfélagið ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Til að auðvelt sé að losa sorpílát þarf aðgengi þeirra að vera mjög rúmt. Sorpílát skal staðsett við hús eða aðkomu að húsi sem næst götu. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphreinsunarmenn allt árið. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpílátum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Hvert heimili skal hafa eigið sorplát og halda því hreinu og í góðu ástandi. Auk þess skulu fyrirtæki og stofnanir hafa a.m.k. eitt ílát undir neysluúrgang og skal það ílát tæmt af þeim aðila sem sér um sorphreinsun í sveitarfélaginu. Með neysluúrgangi og heimilisúrgangi er átt við allan úrgang sem fellur til á heimilum, í eldhúsum og á kaffistofum fyrirtækja og stofnana. Til heimilisúrgangs telst ekki úrgangur frá stærri mótuneytum og veitingarekstri. Garðaúrgangur og grófur úrgangur telst ekki vera heimilisúrgangur.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram á 14 daga fresti. Á stórhátíðum verða aukahreinsanir eftir því sem við verður komið og þörf er á. Allan úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir samkvæmt samþykktum þessum, skal húsráðandi sjálfur á eigin kostnað losa í flokkunarstöð eða í gáma á fyrirfram ákveðnum stöðum.

5. gr.

Djúpavogshreppi er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld, þ.e. sorphreinsunargjald og sorpeyðingargjald, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sorphirðugjöld innheimtast fyrir hreinsun og förgun úrgangs frá heimilum og eldhúsum og kaffistofum fyrirtækja. Sveitarfélagið gefur úr gjaldskrá fyrir móttöku og eyðingu úrgangs frá fyrirtækjum. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða sveitarstjórnar.

7. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar skulu sorphreinsunarmenn aðvara viðkomandi skriflega og óska úrbóta af hans hálfu. Sinni húsráðandi ekki aðvörnum skulu sorphreinsunarmenn koma kvörtunum á framfæri við stjórn sveitarfélagsins.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 33. og 34. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Djúpavogshrepps er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 267/1984 um sorphreinsun í Búlandshreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 30. júní 1999

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.